

þurfa, meðal annars til þess að þeir, sem viljugir hlýða samningsákvæðunum, líði **96**
engan бага í samanburði við hina, nje vegna óhlýðni þeirra. 14. júní

Þess vegna viljum vjer leiða athygli landsmanna að því, hve æskilegt það er, að framleiðendur komi sem fyrst með framboð sín, jafnskjótt og varan er tilbúin til útflutnings, og þannig styðji útflutningsnefndina til þess að hagnýta sem best þau flutningstæki sem nú þegar eru fyrir hendi, og framvegis bjóðast, svo að afurðunum verði komið sem fljótast, og í tækan tíma frá landinu. Með því mun skipakostur landsins notast betur og seljandinn spara óþarfa geymslukostnað og ábyrgð, auk þess sem peningarnir þá mundu koma fyr inn í landið.

Síðast en ekki síst viljum vjer benda á það, að með því greiðlega að fullnægja samningsatriðunum, sem hvort ed er ekki mun verða undan þokað, tryggjum vjer oss best, að þeirri fyrirgreiðslu á aðráttum vorum, sem Bandamenn í áminstum samningi hafa heitið oss, verði fullnægt.

Reykjavík, 14. júní 1918.

Thor Jensen, *Pjetur Jónsson.* *Ó. Benjamínsson.*
formaður.

Reglur

97
20. júní

um sölu og útflutning á ull.

(Tilkynning nr. 3 frá útflutningsnefndinni).

1. gr.

Öllum framleiðendum og öðrum er hafa með höndum ull, sem framleidd er á árinu 1918, og eigi verður höfð til notkunar í landinu sjálfu, er skylt að bjóða hana til kaups fulltrúa Bandamanna hjer í Reykjavík, jafnskjótt og ullin er útbúin til útflutnings. Annast útflutningsnefndin framkvæmdir á þessu, samkvæmt auglýsingu stjórnarráðsins, dags. 3. þ. m., og enn fremur reglugjörð, dags. 11. þ. m.

2. gr.

Samkvæmt samningnum við Bandamenn ber að afhenda ullina til sölu á þessum höfnum;

Reykjavík,
Seyðisfirði og
Akureyri.

En fulltrúi Bandamanna hefir fallist á við nefndina, að kaupa ullina og veita henni móttöku einnig á þessum höfnum:

Stykkishólmi,	Borðeyri,
Ísafirði,	Hólmavík,
Blönduósi,	Hvammstanga,
Sauðárkrók,	Pórshöfn,
Húsavík,	Vopnafirði,
Reyðarfirði,	Vestmannaeyjum.

Þó mega seljendur sem eiga ull á þessum viðbótarhöfnum búast við því, að hafa allan kostnað og ábyrgð á geymslu hennar þar og eldsvoðatryggingu, án nokkurs endurgjalds, þangað til varan kemst um borð. Svo greiða þeir og þann farmgjaldsmismun, sem verða kann við það, að taka ullina á þessum aukahöfnum.

3. gr.

Útflutningsnefndin sinnir framboðum frá kaupmönnum, er kaupa inn ull til þess að selja hana út í heildsölu, svo og frá fjelögum, sem hún viðurkennir. Hagkvæmast er, að framboð frá kaupmönnum og fjelögum komi jafnskjótt og ullin er tilbúin til útflutnings, og um vorullina, allar tegundir, komi tilboðin eigi síðar en 15. ágúst.

4. gr.

Samkvæmt nefndum samningi er flokkun og verð ullarinnar þannig:

- | | |
|---|-------------------|
| I. Öll hvít vorull, blæfalleg, vel þvegin og vel þur | kr. 4.00 pr. kiló |
| II. Öll önnur hvít vorull, vel þvegin og vel þur | — 3.69 — — |
| III. Öll svört ull, vel þvegin og vel þur | — 4.00 — — |
| IV. Öll mislit vorull, svo og svört og hvít vorull, sem eigi telst til framantaldra flokka | |
| a. þur og hrein | — 2.93 — — |
| b. þur, en fitu og ruslkend | — 2.51 — — |
| V. Hvít haustull, óþvegin, en þur, laus við hausull, fætlinga, blóðskorpur og öll annarleg efni | — 2.88 — — |
| VI. Mislit haustull, óþvegin o. s. frv., sbr. V. fl. | — 2.51 — — |

Verð þetta er háð þeim skilyrðum, sem hjer fara á eftir.

5. gr.

Öll ull skal metin og skilin í flokka (sjá 4. gr.) af hinum skipuðu ullarmatmönnum. Staðfesta þeir með vottorði sínu, að þeir hafi nákvæmlega rann-

sakað ullina og metið hana í hina tilgreindu flokka. Þeir skulu og votta um rjetta vigt á ullinni, að umbúðum þeim meðtöldum, sem hún flytst í til útlanda, hvern sekk um sig, með áframhaldandi raðtölu og flokksmerki, er ritað sje í vigtarskrána. Smærri brot úr kíló en $\frac{1}{4}$ kíló má eigi taka til greina. Loks skulu þeir og athuga og votta um rjetta merking á ullarsekkjunum, samkvæmt reglum um flokkun og merking ullar frá 10. júlí 1916, þó með þeirri viðbót, að IV. flokkur greinist í undirflokka a. og b., er merkjast IV. a. og IV. b. Að öðru leyti vísast til erindisbrjefs yfirullarmatsmanna frá 25. febr. 1916. 97
20. júní

6. gr.

Fulltrúi Bandamanna áskilur sjer hæfilegan frest, til þess sjerstaklega, að gera athugun á ullinni á útflutningsstað, áður en hann gerir kaup á henni. Kaupi hann ullina, mega líða 30 dagar frá því kaup gerðust þangað til borgun fer fram, eða 30 dagar frá því vottorð matsmanna og vigtarskýrslur í tvennu lagi hafa borist fulltrúanum. Nú er vörunni skipað út áður en 30 dagar eru líðnir, og greiðist verðið þá um leið og farmskrá, matsvottorð og vigtarskýrslur eru komnar í hendur fulltrúans, eða umboðsmanns hans. Í báðum tilfellum getur útflutningsnefndin ekki greitt andvirði til seljanda nema faktúrur sjeu komnar henni í hendur.

7. gr.

Skylt er seljanda að flytja ullina um borð og greiða toll og önnur gjöld, er á leggjast, kaupanda að kostnaðarlausu. Hann skal og hafa ullina í hreinum og sterkum strigasekkjum (venjulegum ullarböllum).

8. gr.

Þangað til útskipun ullarinnar fer fram á útflutningshöfn, hvílir sú skylda á seljanda að geyma hana óskemda í góðu húsi og vátrygða fyrir eldsvoða, en kaupandi endurgreiðir á aðalhöfnunum, sbr. 2. gr., geymslukostnað og vátryggingargjald, hlutfallslega fyrir þann tíma, sem varan þannig geymist fram yfir 30 daga frá því kaup gerðust. Geymslukostnaður reiknast samkvæmt venju, eða eftir samkomulagi. Kröfur um endurgreiðslur á ofanefndum gjöldum skulu sendar útflutningsnefndinni tafarlaust, þá er varan er komin um borð.

Reykjavík, 20. júní 1918.

Thor Jensen, *Pjetur Jónsson.* *O. Benjamínsson,*
formaður.